

Græni geislinn og þróun hans.

Síðast gerði ég stutta grein fyrir þróun rauðgula geislans. Næstur í röðinni er græni geislinn.

Græni geislinn er annar í röðinni af þeim fimm, sem eru undir yfirumsjón Mahachohans. Er sagt að Meistarinn Serapis sé ráðandi þessa geisla og stjórn þróun hans undir hinni andlegu stjórn veraldar.

Það virðist svo sem græni geislinn standi frá vissu sjónarmiði mjög í sambandi við hinn jarðneska heim og starfsemi hans, einkum og aðallega náttúrunnar. Mun hann vera geisli gróðurs og alls þess, sem ávöxt ber í tilverunni. Er í þessu sambandi ekki um neitt smávegis svið að ræða. Allar hinar óteljandi tegundir jurta, sem vaxa og þróast á öllum breiddarstigum eru undir þessum aðaláhrifum.

Einnig munu dýrin undir þessum sömu áhrifum að einhverju leyti, að minnsta kosti sumar dýrategundir. Sumar tegundir fugla eiga að einhverju leyti heima undir þessum geisla. Það lætur því að líkum, að ýmsir voldugir þjónar í þróuninni séu mjög starfandi í sambandi við þennan geisla.

Eru það meðal annars stjórnendur og leiðtogar hinna ýmsu flokka náttúruanda, sem hafa á hendi stjórn og leiðsögn í þessum mjög svo víðtæka verkahring. Því er haldið fram, að þeir ráði miklu um litbrigði og litbreytingar í náttúrunni og vinni að breytingu litanna, sem birtast í öllum gróðri og jafnvel hafi áhrif á litbreytingu þá, er fuglar taka á árstíðum og í sambandi við vor- og haustbúnað jurta og dýra.

Hinar ýmsu greinar listanna munu og nátengdar þessum geisla, því að flestar þeirra birtast í efni þessa heims. Höggmyndalist, málalíst og hljómlíst.

Þegar við athugum starfsemi og þróun græna geislans, verðum við að byrja á byrjuninni, ef svo mætti að orði kveða.

Til þess að skýra þetta efni nokkru nánar, væri rétt að athuga aðferð þá, sem er viðhöfð í frumþróuninni. Með frumþróun á ég við starfsemi þá í náttúrunni, sem fram fer í sambandi við þróun frumeindaríkjanna.

Uppruni tegundanna.

Ég hef áður og í öðru sambandi minnt á frumeindaríkin. Teljast þau þeim kafla þróunarkerfisins, sem nefnist niðurþróun (involution). Eru þau þrjú að tölu. Þróunin hefur göngu sína með fyrsta frumeindaríkinu. Heimkynni þess er í okkar hnattakeðju á hærri svæðum hugheima.

Andinn birtist sem sjöfaldur litstraumur, eins og litrófið sýnir og hver litur er einnig sjöfaldur, hefur í sér alla litina. Þetta verður sjö sinnum sjö eða 49 skiptingar. Efnið, sem hann snertir, hefur einnig í sér sjöfaldan móttökuhæfileika og er hver litarhæfileiki einnig sjöfaldur, og á sama hátt birtast í efninu sjö sinnum sjö eða 49 mismunandi tegundir viðtökuhæfileika. Á þennan hátt birtast 49 sinnum 49 mismunandi tegundir eða samtals 2401 tegund. Hér mótast fyrst uppruni tegundanna og þetta ræður fjölda tegundanna í öllum náttúruríkjum. Náttúruríkin eru sjö, sem þróast um leið og við mennirnir og erum við þar með taldir sem sjöunda og síðasta ríkið.

Frumeindaríkin eru þrjú. Hið fyrsta þeirra er á hærri svæðum hugheima, annað á lægri svæðum hugheima og hið þriðja í geðheimum. Þá er steinaríkið hið fjórða, jurtaríkið hið fimmta, dýraríkið hið sjötta og mennirnir hið sjöunda, eins og áður er sagt.

Framleiðsluáferðin.

Til þess að verða fær um að skilja það, hvernig þessi starfsemi fer fram, verðum við að gera okkur ljóst, að efnið, sem hér er unnið í, er mörgum sinnum fínna og þéttara eða samfelldara en það efni, sem við almennt skynjum og því er sveiflumagnið í því mörgum sinnum tíðara, bæði með tilliti til öldulengdar og hraða. Hefur þetta efni því í sér ákveðna tíðni eða sveiflumagn. En það má auka eða breyta þessari tíðni með því að setja inn í þetta svið ákveðnar sveiflutegundir, sem það getur veitt viðtöku.

Það er því hlutverk ákveðinna veruflokka að annast þetta. Þeir hafa tekið að sér hið mikilsverða starf að sjá um og vinna að þróun hinna þriggja ríkja, er nefnast frumeindaríki. En eins og áður er sagt, er þróunartakmark þeirra eða leið öfug við þróun okkar manna. Þessi þróun leitar ætíð niður á við, ef svo mætti að orði komast, ætíð lengra og lengra niður í efnið.

Þessir völdugu þjónar í tilverunni og aðstoðarmenn þeirra, framkvæma þessa vinnu á þann hátt, að þeir senda frá sér stöðuga strauða af sveiflum, sem hlaða efninu saman og þetta það smátt og smátt eða gera það grófara. Af þessum ástæðum verða líkamsgervi frumveranna ætíð grófari eftir því sem lengra líður og sveiflumagnið í þeim verður hægara og hægara og á þann hátt nálgast sérhvert þessara náttúruríkja ástand þess ríkis, sem er næst fyrir neðan það og undirbýr sig undir það að ganga inn í það ríki, t. d., að takmark gervanna og lífshæringanna í fyrsta frumeindaríkinu, sem er á æðri svæðum hugheima, er að ná því stigi að ganga inn í annað frumeindaríkið, sem er á lægri svæðum hugheima og svo er takmark annars frumeindaríkisins að nálgast þriðja frumeindaríkið og ganga inn í það, sem er hið grófasta af þeim öllum og býr í geðheimum. En takmark þriðja frumeindaríkisins er að ná því stigi að ganga inn í steinaríkið, sem er hið lægsta náttúruríkjanna og hið fyrsta, sem við jarðarbúar almennt skynjum.

Verur þessar, þær sem vinna að þróun frumeindaríkjanna, eru farvegur fyrir sérstakar tegundir af orkustrauðum og breyta þeim og lækka sveiflumagn þeirra, hraða og öldulengd og gera þær ætíð grófari og grófari og hægari og hægari.

Á þennan hátt gera þær efnið grófara og hylja andann og binda hann efnishjúpnunum, unz hann er að lokum óvitandi um tilvist sína.

Til þess að tryggja það að allar tegundirnar birtist, sem áður er vikið að, beita þessar verur öllum tegundum af sveiflubrigðum, sem finnast í hinni 240l tegund sveifluleika lífsins og þetta gerist vegna þess að samvinnan fer fram á milli hins ytri og innra, því hið innra veitir viðtöku þeim hraða hinna ytri hreyfinga, sem er í samræmi við þess eigin sveiflumagn, hraða og öldulengd.

Móttækileikinn er afleiðing af ytri og innri samsvörun. En ytri áhrifum er beitt til þess að vekja hið innra, ef svo mætti að orði komast, sem dvelur þar óhrært, til aukins starfs. Í þessu er falin öll þróun og þróunarmöguleikar á öllum sviðum tilveru.

Þess má geta, að við mennirnir getum haft nokkur áhrif á þessa starfsemi, en það er alls ekki okkar hlutverk að fást við slíkt, enda erum við alls ekki færir um að fást við slík vinnubrögð með tilliti til þess að hinn rétti árangur geti náðst. Í fyrsta lagi ná hugsanir okkar almennt ekki svo hátt að við náum því að skapa ákveðin form í hærri svæðum hugheima. Til þess er okkar æðri hugsanahæfileiki allt of þokukennður. Á lægri svæðum hugheima er líklegt að við værum þess megnugir að hafa nokkur áhrif, en hætt er við að þau yrðu tæplega nothæf, því okkur er örðugt að hugsa eða sjá hlutina í svo ákveðnu formi að árangurinn yrði sá, sem æskilegt er, líka vegna þess að við höfum almennt ennþá eigi það vald á hugsuninni, sem nauðsynleg er í þessu efni. Við gerum þar að öllum líkindum alls ekkert gagn. Í geðheimum höfum við meiri áhrif, en oftlega eru tilfinningarnar svo óstýrilátar, að lítið gagn mun að verða, frekar truflun. Það er sem sé ekki okkar verk að fást við þessa hlið þróunarinnar, heldur miklu fremur hið öfuga. Við eigum að leita upp á við en eigi niður á við, eins og nauðsynlegt er í þessu efni. En æðri verur, sem komnar eru langt áleiðis á undan okkur í þróun og hafa náð fullu valdi yfir því sveiflumagni, sem þær hafa yfir að ráða eða eru farvegur fyrir, geta unnið þessi verk sér til þroska og andlegra framfara, jafnvel þó að þær verði að stíga lengra og lengra niður í efnið. Þær geta það vegna þess að þær eru vaxnar upp úr því og eru í rauninni lausar við áhrif þess.

Kem ég þá aftur að því, sem ég vék að, um vinnu vissra veruflokka, sem starfa í sambandi við gróður jarðar og sumar dýrategundir, hvernig jurtirnar breyta lit og litbrigðum.

Það er lítið til um þessi efni að vinna úr, en hitt er víst, að það er mikið og margþætt verkefni að sjá um þessa svo margvíslegu og óendanlega fjölþættu starfsemi í náttúrunni. Eru það fjöldi vera, bæði hærri og lægri, sem að þessu vinna. Eru þær flestar eða nálega allar starfandi í geðheimum, því náíð samband er á milli jurtaríkisins og geðheimanna eða þess sviðs tilverunnar. Það sækir öll sín hærri sambönd og lífsþrótt aðallega til þess sviðs. Það hlýtur að vera aragrúi huliðsvera, sem inna af hendi hina miklu þjónustu í þágu náttúrunnar og tilverunnar, sem hafa þetta hlutverk á hendi. Eru þær eðlilega á mjög mismunandi þroskastigum og þroskaleiðum, en eiga þó sína sameiginlegu æðri stjórnendur, sem hafa yfirumsjón með allri hinni fjölbreyttu starfsemi. Það er að öllum líkindum eðlishvöt hinna almennu vera eða anda, sem vinna þetta verk, sem er driffjöðrin, en vinna ekki af yfirlögðu ráði, né skipulagningu, heldur hefur eðlishvötin skipulagninguna í sér. En æðri vitsmunaverur hafa áhrifin og beita þeim í samræmi við náttúruleg málin. Einn af hinum hærri leiðtogum í þessu starfi mun vera Meistarinn Serapis og er fullyrt að hann fái mjög mikið við þróun náttúruandanna, sem hafa almennt þetta verkefni með höndum.

Margs konar, okkur ókunnar, aðferðir hljóta þessar verur að viðhafa við störf sín, en þó er ein þeirra áreiðanlega sú, að beita ákveðnum tegundum af sveiflum til þess að framleiða og festa liti á blómum og jurtum og öllum gróðri, sem vex og þroskast. Þetta getur þó eigi gerzt nema fyrir hendi sé sams konar móttækileiki í hinni innri efnabyggingu hlutaðeigandi jurta og sams konar móttækileiki kemur fram, er litbreytingar gera vart við sig, því að alls staðar verður samrunahæfnin að vera til staðar, ef fyrirbrigðið á að geta gerzt. Þetta virðist að vera lögmál í náttúrunni. Þegar um þroska, byggingu og sköpun er að ræða, gerist þetta fyrir áhrif samsvörunarlögmálsins, en þegar um upplausn eða dauða gervisins er að ræða, er það vegna þess að samsvörunin er ekki lengur til staðar.

Það má því álykta, að geysileg vinna sé innt af hendi í sambandi við þróun jurtaríkisins, sem aðallega fer fram í sambandi við þróun geislans.

Verulegur hluti listamanna hefur sem eðlilegt er mjög mikla samvinnu við náttúruna og má þar nefna málarana sérstaklega, þó má nefna myndhöggvara einnig, því þeir eru einnig að eftirgera starfið í náttúrunni. Þá koma skáldin þar einnig við sögu, einkum í lýsingum sínum af náttúrunni, útliti hennar og ásigkomulagi.

Viðskipti listamannsins og náttúrunnar eru honum svo ómetanleg og mikils virði að án hennar væri hann gersamlega magnlaus að vinna verk sitt og taka framförum. Það er fullkonnunin í sköpun, sem hann hefur fyrir framan sig frá hinu smærsta til hins stærsta, frá hinu einfalda til hins margbrotna og til hins einfalda á ný, sem hann les alls staðar í náttúrunni, sem veitir honum sífellt ný viðfangsefni. Þessi samvinna gerir honum kleift að stíga ætíð hærra og hærra og að lokum getur hann skapað fullkomin verk, sem veita honum ódauðlegan unað, frið fullkonnunar. Þá skilur hann að tilveran er ein fullkomin heild, órjúfanleg og máttug, full af vizku og fegurð.

Þá skynjar hann hið mikla jafnvægi, sem er í öllum hlutum og að græni geislinn er hinn innri og ytri fulltrúi þessa jafnvægis.

Græni geislinn er jafnvægisgeislinn í litrófinu. Er hann sambandsliðurinn á milli heitu og köldu litanna. Rauðu geislarnir eru hinir andlegu litirnir, en bláu geislarnir eða litirnir þeir köldu. Svára bláu litirnir að nokkru leyti frekar til efnisins og hins lægra í manningum, en heitu litirnir til þess þáttar í manningum, sem samsvarar hinum hærri og innri hæfileikum hans og skynfærum, sem er innsæið og hin andlega vitund, eilífðarvitundin, Nirvana.

Græni liturinn bendir á það í hinum innri eða esoterisku fræðum, sem nefnt er „brúin“ eða antakaranna, og er hún sambandsliðurinn á milli hins lægra og æðra huglífs.

Í stjörnuspekinni er brú þessi sýnd í Satúrnusi og áhrifum hans. Er hann oft nefndur hinn mikli dómari himnanna og framhjá honum og áhrifum hans kemst enginn án fullkomins prófs.

Á vissu skeiði þroskans myndast græn skel utan um ljóshjúp nemandans og eru það áhrif Satúrnusar. Á meðan nemandinn er inniluktur í þessari skel nær hann ekki hinni æðri vitund. Hann er takmarkaður í vitundarsviði hinna lægri heima.

Þegar unginn í egginu er það vaxinn að hann sprengir það utan af sér, er hann frjáls og getur farið um allt og kynnt sér þennan heim eftir beztu getu. Hann skynjar smátt og smátt að heimur þessi er stórfenglegur að vídd og fjölbreytni.

Á sama hátt sprengir sjálfsveran utan af sér hina grænu skel sína og er þá laus við hinn mikla dómara himnanna, því hann hefur dæmt hana hæfa til þess að ferðast um hinar hærri veraldir eftir vild sinni. Hún hefur farið í gegnum dýrahringinn og er eftirleiðis óháð takmörkunum hans - hún er vaxin upp úr þeim og er nú heimilisvana vegfarandi í ríki himnanna.

Þetta starf hefur hún fullkomnað með aðstoð græna geislans.

Jón Arnason, prentari.